



Alþingi
Erindi nr. P 127/498
komudagur 12.12.2001

Reykjavík, 12. desember 2001.

Hr. Guðmundur Hallvarðsson.
formaður samgöngunefndar.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn, 184. mál, samkvæmt beiðni samgöngunefndar með bréfi frá 22 nóvember sl.

Nefndinni bárust umsagnir vegna málsins á 126. löggjafarþingi frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, Sjómannahjónustunni í Reykjavík og nágrenni, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannadagsráði og Þjóðkirkjunni.

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, en hún hefur að geyma ábendingar um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn sem eru nánar útfærðar í tillögu stofnunarinnar nr. 173. Félagsmálanefnd er almennt fylgjandi málinu en telur þó að skoða þurfi nokkur atriði frekar. Af efni samþykktarinnar og tillögu nr. 173 verður ekki annað séð en að þeim fylgi miklar skuldbindingar fyrir aðildarríkin með tilheyrandi kostnaði. Í greinargerð með tillögunni er lagt til að rekstrarkostnaður vegna málsins, sem numið geti um 20 millj. kr. á ári, verði fenginn með tilteknu hlutfalli af vörugjöldum. Telur félagsmálanefnd sýnt að gera þurfi nákvæmt kostnaðarmat vegna tillögunnar. Jafnframt leggur nefndin til að málið verði sent efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis til umsagnar. Þá telur hún að skoða þurfi betur með hvaða hætti fullnægja eigi skuldbindingunum í höfnum á landsbyggðinni og þann kostnað sem af því hlýst. Loks bendir nefndin á að mörg sú þjónusta sem skuldbindingarnar lúti að, svo sem síma-, tölvu- og pósthjónusta, veitingaþjónusta, bókasafn og ýmis menningarstarfsemi, er nú þegar í boði fyrir skipverja þó að hana sé ekki að finna á einum stað þar sem ferðaþjónustan sér almennt um slíka þjónustu.

Virðingarfyllst,
f.h. formanns félagsmálanefndar,

Hildur Njarðvík, nefndarritari.

FÉLAGSMÁLNEFND